

Kaup Rafholts ehf. á starfseiningunni Kraftur og Kæling af Origo ehf.

25. febrúar 2026

Kaup Rafholts ehf. á starfseiningunni Kraftur og Kæling af Origo ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Fyrirtækin eru starfandi á mismunandi sölustigum og lauk Samkeppniseftirlitið málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Rafholts ehf. (hér eftir „Rafholt“) á starfseiningunni Kraftur og Kæling sem fyrir samrunann var eining innan Origo ehf. (hér eftir „Origo“). Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 21. janúar 2026.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Í samræmi við framangreint byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga að líða 22. janúar 2026.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Rafholt allar eignir og rekstur starfseiningarinnar Krafts og Kælingar. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
4. Samkvæmt samrunaskrá er Rafholt að 70% í eigu Öld 1 ehf., sem sé í 100% eigu Aldir I slhf., framtakssjóðs í stýringu Aldir ehf., og 30% í eigu stofnenda og lykilstarfsmanna Rafholts. Rafholt veiti alhliða raflagnþjónustu, þ.m.t. hönnun, uppsetningu og viðhald rafkerfa í húsum, iðnaði og innviðum. Starfsemi fyrirtækisins sé skipt upp í þrjár meginstoðir; almennar raflagnir, þjónustudeild og fjarskiptadeild.
5. Kraftur og Kæling er samkvæmt samrunaskrá starfseining innan Origo ehf. sem selji og þjónusti orkulausnir. Meginstarfsemi einingarinnar felist í ráðgjöf, hönnun, umboðssölu, uppsetningu og þjónustu á orkutengdum lausnum, en helstu lausnir Krafts og Kælingar séu rafstöðvar, varaafll, kællausnir, afdreifing og sérsníðaðar gámaeiningar fyrir m.a. gagnaver (e. Prefab).
6. Hvorugur samrunaaðila eigi dótturfélög eða eignarhlut í öðrum félögum en seljandi, Origo og eignarhaldsfélag seljanda, Skygginn Eignarhaldsfélag hf., eigi eignarhluti í rekstrarfélögum sem skarist ekki við starfsemi Rafholts.
7. Samkvæmt samrunaaðilum sé engin lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila, en fyrirtækin starfi á mismunandi stigum sömu virðis_keðju og megi því líta á samrunann sem lóðréttan. Kraftur og Kæling þjónusti m.a. gagnaver, orku- og iðnfyrirtæki sem innflytjandi og dreifingaraðili varaaflls- og kællikerfa og Rafholt sinni verklegri rafverktöku og uppsetningu rafkerfa fyrir byggingar, hótél, gagnaver og iðnað.



8. Í samræmi við framangreint starfi samrunaaðilar á sitthvorum mörkuðum. Rafholt starfi á markaði fyrir raflagnir á Íslandi. Kraftur og Kæling starfi á mörkuðum fyrir rafstöðvar og varaafstöðvar, kælilausnir og afldreifingu. Ekki sé skýrt hvort um landsbundinn eða víðtækari markaði sé að ræða en að mati samrunaaðila hafi það ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
9. Að mati samrunaaðila séu samkeppnisleg áhrif samrunans takmörkuð. Eini snertiflötur samrunaaðila sé möguleg lóðrétt samþætting, en lóðréttir samrunar geti einna helst leitt til mögulegra útilokunaráhrifa. Til þess þurfi sameinað félag að hafa getu og hvata til að útiloka keppinauta á efra eða neðra sölustigi sem sameinað félag hafi ekki, enda sé markaðshlutdeild þess á mörkuðum málsins ekki með þeim hætti.
10. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
11. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess veitti Samkeppniseftirlitið helstu keppinautum skv. samrunaskrá færi á að koma að athugasemdum vegna samrunans, markaðsskilgreiningu og möguleg samkeppnisleg áhrif. Í flestum umsögnum var ekki gerð athugasemd við samrunann en einnig bárust athugasemdir varðandi markaðsskilgreiningu og möguleg samkeppnisleg áhrif.
12. Í kaupsamningi aðila sem fylgdi með samrunaskrá eru viðbótartakmarkanir og samkeppnisbann í garð seljanda. Með bréfi, dags. 17. febrúar 2026, upplýsti Samkeppniseftirlitið um það frummat sitt að umrætt samkeppnisbann færi verulega umfram viðmið samkeppnisréttar um lögmætar viðbótartakmarkanir, enda gæfu atvik og gerningar málsins ekki ástæðu til þess að víkja frá viðmiðum í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og erlendum dómafordæmum um hámarkslengd réttlætanlegra samkeppnisbanna.
13. Þann 24. febrúar tilkynntu samrunaaðilar að þeir væru reiðubúnir að breyta ákvæðum kaupsamningsins og stytta umrædd samkeppnisbönn og viðbótartakmarkanir í ljósi frummats eftirlitsins.
14. Með framangreindum breytingum á kaupsamningi hafa aðilar lagfært þá mögulegu samkeppnishindrun sem undirliggjandi kaupsamningur og þar með samruninn hefði haft í för með sér að þessu leyti að mati Samkeppniseftirlitsins. Um önnur samkeppnisleg áhrif samrunans liggur fyrir að samrunaaðilar eru ekki starfandi á sama sölustigi og því um lóðréttan samruna að ræða. Bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins til þess að umfjöllun í samrunaskrá um markaðsstöðu samrunaaðila og samkeppnisleg áhrif samrunans sé í samræmi við aðstæður á markaði og að ekki séu vísbendingar um skaðleg lóðrétt áhrif vegna samrunans.
15. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði



raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að samruninn sé ósamþýðanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Rafholts ehf. á starfseiningunni Kraftur og Kæling af Origo ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson